# Mánudagur 30. október

## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Ítölskukennsla fyrir byrjendur (5). – Buongiorno Italia, 25 mín. 2. Algebra. – Algebrubrot.
17.50 **Töfraglugginn.** Endursýning frá miðvikudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (22)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Æskuár Chaplins.** (Young Charlie Chaplin). Lokaþáttur. Breskur myndaflokkur í sex þáttum. Aðalhlutverk Twiggy, Ian McShane, Joe Geary og Lee Whitlock. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Brageyrað.** Ný íslensk þáttaröð um bragfræði og leiðbeiningar um bragreglur. Umsjón Árni Björnsson.
20.40 **Á fertugsaldri** (Thirtysomething). Bandarískur myndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.30 **Íþróttahornið.** Sýnt frá helstu íþróttaviðburðum helgarinnar hérlendis og erlendis.
21.50 **Veiðimenn** (Bortom dag och natt). Samískt sjónvarpsleikrit, gert í samvinnu sænska, finnska og norska sjónvarpsins. Leikstjóri Paul Anders Simma. Aðalhlutverk Iisko Sara og Torfinn Halvani. Myndin lýsir lífsreynslu drengs sem fer á rjúpnaveiðar með afa sínum. (Nordvision – sænska sjónvarpið.) Þýðandi Ásthildur Sveinsdóttir.
22.35 **Þingsjá.** Umsjón Ingimar Ingimarsson.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.30 **Dóttir Rutar.** Mrs. R's Daughter. Í mynd þessari er dregin upp raunsæ mynd af dómkerfi Bandaríkjanna þegar móðir reynir að fá mann, sem hefur nauðgað dóttur hennar, dæmdan sekan. Aðalhlutverk: Cloris Leachham, Season Hubley og Donald Moffat.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd um hetjuna Garp.
18.10 **Bylmingur.**
18.40 **Fjölskyldubönd.** Family Ties. Bandarískur gamanmyndaflokkur fyrir alla aldurshópa.
19.19 **19:19.** Fréttum, veðri, íþróttum og þeim málefnum, sem hæst ber hverju sinni, gerð skil.
20.30 **Dallas.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
21.25 **Hringiðan.** Íslenskur umræðuþáttur um íslensk málefni. Umsjón: Helgi Pétursson.
22.25 **Dómarinn.** Night Court. Dómarinn Harry Stone ásamt aðstoðarmönnum er mættur til leiks.
22.50 **Fjalakötturinn.** Kvikmyndaklúbbur Stöðvar 2. Apakettir. Monkey Business. „Apakettir" gerist um borð í lystisnekkju þar sem Marx bræðurnir eru laumufarþegar. Fyrir tilviljun verða þeir lífverðir glæpagengis sem er um borð. Aðalhlutverk: Groucho, Chico, Harpo, Zeppo, Thelma Todd, Rockcliffe Fellows, Ruth Hall og Harry Woods.
0.10 **Idi Amin.** Amin, the Rise and Fall. Harðstjórinn Idi Amin er þungamiðjan í þessari mynd sem byggist á sönnum atburðum frá valdaferli hans sem forseta Uganda. Aðalhlutverk: Joseph Olita, Geoffrey Keen og Denis Hills. Stranglega bönnuð börnum.
1.40 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Guðmundur Óskar Ólafsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Randver Þorláksson. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Mörður Árnason talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Heilsuhornið.** Halldóra Björnsdóttir leiðbeinir hlustendum um heilbrigði og hollustu. Morgunleikfimi verður í lok þáttarins.
9.30 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Gunnlaugur Ingólfsson flytur.
9.40 **Búnaðarþátturinn**
10.30 **Stiklað á stóru um hlutleysi,** hernám og hervernd. Þriðji þáttur. Umsjón: Pétur Pétursson. (Einnig útvarpað á miðvikudagskvöld kl. 21.00.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá mánudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Mörður Árnason flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Ofát. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Svona gengur það eftir Finn Søeborg. Ingibjörg Bergþórsdóttir þýddi. Barði Guðmundsson les. (6)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Endurtekið frá deginum áður.)
15.25 **Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Öskrandi ljón kemur í heimsókn. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Brahms og Schumann.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Um daginn og veginn.** Reynir Axelsson stærðfræðingur talar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Kári litli í skólanum eftir Stefán Júlíusson. Höfundur les. (6)
20.15 **Barokktónlist.**
21.00 **Atvinnulíf á Vestfjörðum.** Kristján Jóhann Guðmundsson ræðir við Halldór Hermannsson, fyrrverandi skipstjóra, og Einar Hreinsson sjávarútvegsfræðing um breytingar á kvótakerfinu. (Frá Ísafirði)
21.30 **Útvarpssagan:** Haust í Skírisskógi eftir Þorstein frá Hamri. Höfundur les. (3)
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Samantekt um innviði þjóðkirkjunnar.** Umsjón: Sigrún Björnsdóttir. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun. 9.03 Morgunsyrpa. Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Stóra spuningin kl. 9.30, hvunndagshetjan kl. 9.50, neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55 (Endurtekinn úr morgunútvarpi). Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin og málið.** Ólína Þorvarðardóttir fær þjóðarsálina til liðsinnis í málrækt.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Sigrún Sigurðardóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir, Jón Atli Jónasson og Sigríður Arnardóttir.
21.30 **Fræðsluvarp:** Lyt og lær. Þriðji þáttur dönskukennslu á vegum Bréfaskólans (Einnig útvarpað nk. fimmtudagskvöld á sama tíma.)
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 5.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Jóhann Pál Sveinsson sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Endurtekið úrval frá miðvikudagskvöldi á rás 2.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Á gallabuxum og gúmmískóm.** Leikin lög frá sjötta og sjöunda áratugnum.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Haraldur Kristjánsson og Sigursteinn Másson.** Fréttatengdur morgunþáttur, mannleg viðtöl og fróðleikur í bland við morguntónlistina.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Vinir og vandamenn kl. 9.30. Gullkorn og fróðleiksmolar og umfram allt góð tónlist.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir** í rólegheitunum í hádeginu. Púlsinn tekinn á þjóðfélaginu, tónlist og spjall.
15.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson** leikur öll uppáhaldslögin. Viðtöl og það helsta sem er að gerast í íþróttum á degi hverjum.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Kvöldmatartónlist.
20.00 **Ágúst Héðinsson** athugar veður og færð, flug og bíó.
22.00 **Undir fjögur augu.** 24.00 **Dagskrárlok.**

## STJARNAN FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Ungir Íslendingar í morgunspjalli. Morguntónlist eins og hún gerist best. Bjarni er hress á morgnana.
11.00 **Snorri Sturluson.** Vinsældapoppið og lögin á B-hliðinni.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Siggi fylgir þér heim, það er stutt í húmorinn. Nýjasta tónlistin og þú heyrir alltaf inná milli þessi gömlu góðu.
19.00 **Stanslaus tónlist.** Ekkert kjaftæði!
20.00 **Kristófer Helgason.** Það skiptir ekki máli hvað þú ert að gera, tónlistin á Stjörnunni er sú rétta.
1.00 **Björn Þórir Sigurðsson.** Nýjasta, ferskasta og vandaðasta tónlistin á öldum ljósvakans. Næturvakt með BÚSSA er málið. Síminn er 622939.

## AÐALSTÖÐIN FM 90,9

7.00 **Morgunmenn** taka fyrir allar upplýsingar sem þú þarft á að halda árla dags. Viðtöl við fólk sem hefur frá skemmtilegum hlutum að segja. Umsjónarmenn: Þorgeir Ástvaldsson og Ásgeir Tómasson.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Í þættinum kennir ýmissa grasa. Skemmtilegt fólk lítur inn og tekin eru öðruvísi viðtöl. Húsgangar eru á sínum stað og margs konar fróðleikur er lagður fram.
12.00 **Hádegisútvarp** í umsjón Þorgeirs Ástvaldssonar og Ásgeirs Tómassonar. Fréttir, viðtöl, fréttatengt efni, ásamt öllu sem skiptir einstaklinginn máli.
13.00 **Tökum við lífinu með ró** og hugsum um allt það besta. Kántrítónlistin á sínum stað. Umsjón Bjarni Dagur Jónsson.
16.00 **Dæmalaus veröld.** Nýr og betri heimur. Tekið á þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni. Eiríkur Jónsson.
18.00 **Plötusafnið mitt.** Það verður gestkvæmt á þessum tíma. Fólk með skemmtilegan tónlistarsmekk lítur inn og spilar sína tónlist og segir léttar sögur með.
19.00 **Darri Ólason** sér um hlustendur á þessum tíma. Ljúfir tónar og létt spjall.
22.00 **Undir fjögur augu.** Með Bjarna Degi Jónssyni. Munið símann á Aðalstöðinni, 626060.

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **MS.**
18.00 **FB.**
20.00 **MH.**
22.00 **MR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Benni Elfar.**
10.00 **Kristján Jónsson.**
13.00 **Arnór Björnsson.**
15.00 **Finnbogi Gunnlaugsson.**
17.00 **Ívar Guðmundsson.**
19.00 **Gunni Mekkinósson.**
22.00 **Árni Vilhjálmur Jónsson.**
3.00 **Arnar Þór Óskarsson.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Menning á mánudegi.** Listafólk tekið tali o.fl.

## SKY One

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors.** Framhaldsflokkur.
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Spurningaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
19.00 **Alf.** Gamanmyndaflokkur.
20.00 **Amerika.** Mínisería.
22.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
23.00 **Fréttir.**
23.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

14.00 **The Magic Snowman.**
16.00 **Panda and the Magic Serpent.**
18.00 **The Mission.**
20.00 **The Princess Bride.**
22.00 **The Brood.**
23.45 **Rabid.**
01.15 **The Entity.**
04.00 **The Swarm.**

## EUROSPORT

9.00 **Rugby.** Keppni milli Stóra- Bretlands og Nýja-Sjálands.
10.00 **Golf.** Volvo Masters á Valderrama golfvellinum á Spáni.
12.00 **Rugby.** Keppni milli Llanelli og Nýja-Sjálands.
13.00 **Tennis.** 32 bestu tennisleikarar í heimi keppa í Paris Open.
17.00 **Fótbolti.** Leikur í rússnesku deildarkeppninni.
18.00 **Íshokkí.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.
20.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
21.00 **Tennis.** Tekst Steffi Graf að verja titil sinn í Woman International.
22.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
23.00 **Íshokkí.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.

## SUPER CHANNEL

14.30 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Vinsældalistar.**
16.30 **On the Air.** Skemmtiþáttur.
17.30 **Off the Wall.** Tónlist og fréttir úr tónlistarheiminum.
18.30 **Time Warp.** Framtíðarþáttur.
19.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
19.30 **Ferðalag til Japans.** Ferðaþáttur.
20.00 **The Discovery Zone.** Fræðslumyndaflokkur.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.10 **Discovery Zone.** Fræðslumyndaflokkur.
22.10 **Kingdom of the Ice Bear.** Fræðslumynd.
23.10 **Fréttir og veður.**
23.20 **Evrópuvinsældalistinn.**
00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.



**Fólk á fertugsaldri.**

### Sjónvarp kl. 20.40:

## Á fertugsaldri

Þessi þáttur um tilvistarkreppu hálffullorðinna hippa nýtur talsverðra vinsælda í Guðs eigin landi og er þar í 37. sæti á vinsældalista sjónvarpsþátta, aðeins tíu sætum neðar en Dallas.

Hér er fjallað um venjulegt fólk og afar venjuleg vandamál þess. Lífið snýst um að koma sér áfram, ala upp börnin og greiða hnökrana á lopa hjónabandsins. Hversdagslegir atburðir geta orðið að stórum vandamálum sem eiga hug þátttakenda allan meðan á þeim stendur. Og þegar á móti blæs er ljúft að láta hugann reika aftur til hippatímabilsins þegar menn eigruðu um í síðum mussum með blóm í hárinu og sungu harmþrungna mótmælasöngva meðan barið var á gítar undir. Allir elskuðu alla og allt var fjólublátt og fagurt. En eitthvað brást og einn daginn vöknuðu hipparnir snoðklipptir í jakkafötum með stimpilkortið í hendinni og hafa allar götur síðan reynt að átta sig á hlutverkinu. -Pá

### Rás 1 kl. 7.55:

## Daglegt mál

Þátturinn Daglegt mál verður í breyttum búningi í vetur. Hann er á dagskrá þrisvar í viku, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 7.55 og endurtekinn í hádeginu sama dag kl. 12.15.

Mörður Árnason er umsjónarmaður aðra hverja viku og á móti honum eru ýmsir sem vinna við tungumál okkar á einn eða annan hátt. Í síðustu viku sá Margrét Pálsdóttir íslenskufræðingur og framsagnarkennari um þáttinn og í næstu viku mun Olga Guðrún Árnadóttir rithöfundur annast hann. Dagana 20., 22., og 24. nóvember mun síðan Pétur Gunnarsson rithöfundur sjá um þáttinn. Með þessu fyrirkomulagi er vonast til að fram komi mismunandi skoðanir og viðhorf til okkar daglega máls. -Pá



**Ray tekst á við Jennu í rismikilli senu.**

### Stöð 2 kl. 20.30:

## Dallas á sínum stað

Ekkert veitir íslenskum sjónvarpsáhorfendum eins bjargfasta öryggiskennd og sagan endalausa af hörmungum ættarveldisins á Suður-Forki. Hversdagsleg íslensk vandamál á borð við of hátt matarverð og árangurslausa loðnuleit blikna við hliðina á óförum Pam og Bobby í hjónabandinu. Íslenskt efnahagslíf er eins og fimmaurahark við hliðina á umsvifum J.R. Ewing sem selur og kaupir olíu fyrir hálf fjárlög íslenska ríkisins án þess að hiksta.

Á hverjum mánudegi geta langþreyttir og þjakaðir landar horft upp á eldsumbrot tillfinninga og efnahags í Texas og komist að því með einföldum hugarreikningi að samanborið við þessar skelfingar hafi þeir það bara skrambi gott. Hver þáttur gefur vantrúuðum styrk til frekari baráttu og blæs okkur í brjóst nýjum birgðum af hugrekki og seiglu. -Pá